

Reyðarfjörður 26. September 2024

Erindi: Samstarfssamningur

B.t. Bæjarráðs Fjarðabyggðar

Samstarfssamningur milli Fjarðabyggðar og Krabbameinsfélags Austfjarða var undirritaður árið 2021 og gerður til þriggja ára og rann út árið 2023.

Á þessum tíma hefur Krabbameinsfélag Austfjarða t.d. sent út sólarvarnir á alla leikskóla í Fjarðabyggð á vorin ásamt fræðsluefni á leikskólana. Það fræðsluefni sáu leikskólastjórar um að áframsenda á foreldra. Eftir fyrsta árið sendum við fræðsluna út á íslensku, ensku og pólsku og í ár var sú nýjung að við hengdum einnig upp í fatarými barnanna á leikskólanum fræðslu á þessum sömu tungumálum um mikilvægi sólarvarna. Farsælt verkefni sem er komið til að vera. Sólarvarnir eru valdar eftir bestu tegund hverju sinni, bæði með tilliti til að hafa sem besta sólarvörn fyrir börnin gegn öllum geislum, með bestu innihaldslýsinguna og umhverfivottuð með tilliti til umhverfisins.

Félagið hefur farið í einhverja leikskóla á svæðinu (en sent út boð á alla) og haldið erindi um mikilvægi leikskólanna þegar foreldri barns greinist með krabbamein. Það er mikilvæg fræðsla um hvaða áhrif veikindi foreldris hafa á barn og hvaða bjargráð starfsfólk getur nýtt sér, hegðunarbreytingar og önnur einkenni sem eru eðlileg hjá börnum í þessum aðstæðum og hvert starfsfólk getur leitað eftir stuðningi til að geta stutt sem best við börn í þessum aðstæðum.

Krabbameinsfélagið sendi um tíma mánaðarlega pósta á tengilið innan Fjarðabyggðar um einkenni, forvarnir og lífstíl sem átti að áframsenda á starfsmenn Fjarðabyggðar. Heimsfaraldur geisaði á samningstímanum sem hafði áhrif á viðburði og annað samstarf.

Félagið hefur átt samskipti við fjölskyldusvið Fjarðabyggðar varðandi sameiginlega skjólstæðinga og teljum við það mikilvægt að stoðir samfélagsins vinni saman svo enginn falli á milli í veikindum. Þar er samvinna besta vopnið.

Við þurfum að stíga fastar til jarðar og fara að innleiða í samvinnu þvert á samfélagið okkar, heilsutengdar forvarnir því rannsóknir sýna að hægt er að koma í veg fyrir 4/10 krabbameinum með lífsstíl en samhliða því erum við með áskoranir um að fólk mæti í skimanir og þar þurfum við sem samfélag að vinna saman að því að bæta úr. Þess utan er mikilvægt að félagið sé sýnilegt og fólk viti hvert það getur leitað eftir aðstoð í krabbameinstengdum veikindum.

Við óskum eindregið eftir áframhaldandi samstarfi þar sem margt gott hefur verið gert og við getum saman gert enn betur. Þar fyrir utan þykir okkur mikill styrkur í því að sveitarfélagið sé bakhjarl félagsins og styrkir ímynd beggja út á við. Þá væri hagur af árlegum samráðsfundum milli félagsins og sviðstjóra innan fjölskyldusviðs til að fá yfirsýn yfir hvað við getum boðið upp á hvar innan kerfisins.

Með ósk um góð viðbrögð og farsælt samstarf,

f.h. Krabbameinsfélags Austfjarða,

Hrefna Eypórsdóttir, formaður